

MAKASKIPTASAMNINGUR

1.gr.

Undirritaðir aðilar, Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459, og Garðabær kt. 570169-6109, gera með sér eftirfarandi makaskiptasamning.

2.gr.

Ríkissjóður mun afsala til Garðabæjar eignarhlut sínum í fasteigninni Spítalaveg 2, F2508077. Um er að ræða 245,5 m² húsnæði á 3.500 m² lóð þar sem starfræktur er leikskóli á vegum sveitarfélagsins. Söluverð eignarinnar í samningi þessum er metið á 111,5 m.kr. sem byggir á miðgildi tveggja óháðra verðmata sem aflað var um eignina. Með afsali eignarinnar fellur jafnframt úr gildi leigusamningur milli ríkisins og sveitarfélagsins um afnot af eigninni.

3.gr.

Garðabær mun ganga frá stofnun 10 þúsund m² lóð úr landi Rjúpnadals á Vífilstöðum í samræmi við fyrirbyggjandi uppdrátt og úthluta til ríkissjóðs með byggingarheimildum fyrir allt að 1.500 m² húsnæði undir meðferðarheimili á vegum ríkisins. Útbúinn verður samningur milli aðila um úthlutun lóðarinnar með nánari skilmálum. Gatnagerðargjöld og önnur þátttaka í kostnaði vegna uppbyggingu lagna á svæðinu er metið á 113,9 m.kr.

4.gr.

Umsamið kaupverð fyrir afsal Spítalavegs 2 og úthlutun lóðar úr landi Rjúpnadals telst að fullu greitt með afhendingu eignarinnar annars vegar og lóðarinnar hins vegar. Ríkissjóður mun þó greiða 2,4 m.kr. til Garðabæjar vegna úthlutun lóðarinnar til ríkisins til viðbótar við afsal á fasteigninni við Spítalaveg 2.

5.gr.

Fasteignin við Spítalaveg 2 er seld í því ástandi sem hún er í og aðilar sætta sig við að öllu leyti.

6.gr.

Á grundvelli makaskiptasamnings þessa verður annars vegar gefið út afsal til þinglýsingar um eignarhald Garðabæjar á Spítalavegi 2 og hins vegar gengið frá samkomulagi um úthlutun lóðar til ríkisins undir meðferðarheimili skv. nánari skilmálum.

7.gr.

Fasteignin er seldar án kvaða og veðbanda.

Um samning þennan og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup. Rísi mál út af samningnum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8.gr.

Ofangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta og lýsa jafnframt yfir fjárræði sínu.

Makaskiptasamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

27. mars 2026

F.h. Garðabæjar

F.h. Ríkissjóðs Íslands

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kt.

Nafn og kt.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 01.04 2026